

Fundur foreldraráðs 21.janúar 2019, 17-18:10

Staður: kennarastofa MH

Mætt: Guðlaug, Ingibjörg, Sigga, Hugrún, Halla, Fríður, Unnar, Kristín

Eftirfarandi var rætt:

Fræðslufundur á vorönn. Ýmsar hugmyndir komu upp varðandi fræðslufundinn t.d markmiðasetning, núvitund, svefn, rannsóknir og greining, skjáfíkn og samskipti. Ákveðið var að byrja á að hafa samband við Erlu Björnsdóttur varðandi fyrirlestur um svefn. Halla hefur samband við Erlu. Kvennó hefur ekki svarað okkur varðandi samstarf en við höfum átt í góðu samstarfi við foreldraráðið þar undanfarna 3 vetur. Halla sendi tölvupóst á foreldraráð MR varðandi áhuga á einhvers konar samstarfi og ætluðu þau að hafa samband til baka.

Ráðstöfun valfrjálsra greiðslna til foreldraráðs. Foreldrar og forráðamenn hafa verið duglegir við að greiða valfrjálsar greiðslur með skólagjöldunum. Hugmynd kom frá starfsfólki skólans um hvort foreldraráðið hefði áhuga á að kaupa borðtennisborð fyrir nemendur. Það var samþykkt og ætlaði Steinn rektor að kanna verð og gæði borða. Unnar þekkir til og kannar þetta líka. Einnig var ákveðið að kaupa annan áfengismæli og verður skólinn þá sjálfbær með mælana en tveir mælar eru í gangi í einu. Foreldraráð og skólastjórn keyptu saman einn mæli á síðustu önn þar sem markmiðið með greiðslunum er ekki að safna í sjóð verður kallað eftir frekari hugmyndum frá nemendum varðandi hluti eða annað sem gæti komið þeim til góða. Upp kom hugmynd um að styrkja áhugaverðan fyrirlestur á Lagningadögum, t.d. Pálmar Ragnarsson eða Bjart Guðmundsson, leikara. Halla hefur samband við nemendafélagið varðandi hugmyndir og Lagningadagaráð varðandi fyrirlestur.

Fréttablað. Skólinn hefur gefið út fréttablað, lagði fulltrúi foreldraráðs til að foreldrar og nemendur fengju pláss á því og ætlar Steinn að láta okkur vita áður en næsta fréttabréf verður gefið út. Hugsanlega verður hægt að auglýsa fræðslufyrirlesturinn í því.

Þjófnaður í skólanum. Úlpu var stolið frá nemenda í skólanum, um var að ræða stakt tilfelli þar sem utanaðkomandi aðili fór í skólann og tók úlpuna ófrjálsri hendi. Myndavélakerfi er í skólanum en miklar takmarkanir eru á hvernig nota má upplýsingar úr því. Nemendur eru hvattir til að læsa dýra hluti inni í skápunum.

Skólaþing .Þann 20. febrúar verður skólaþing í skólanum. Starfsfólk skólans og nemendur ræða saman um fyrirfram ákveðin efni sem liggur þeim á hjarta. Rektor bauð fulltrúum

foreldra að koma á þingið. Foreldraráð mun kalla eftir hugmyndum frá foreldrum til að ræða á þinginu á facebook síðunni. Sigga lýsti yfir áhuga á að sitja þingið.

Einingar til stúdentsprófs. MH fleiri einingar til stúdentsprófs en flestir aðrir skólar, ef á að klára á 3 árum þá þarf að halda mjög vel á spöðunum

Facebook síða foreldraráðsins. Virkja þarf lokaða facebook síðu foreldraráðs til samskipta innan ráðsins ferkar en tölvupóstsendingar.

Fréttir frá skólastjórn. Önnin fer vel af stað, færri hafa verið teknir með veip innan skólans en áður en talsvert hefur verið um veip innan og utan skólans.

Fundi slitið.

Halla S. Arnardóttir